

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 15. maí 2026

Mál nr. S-577/2026:

Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Merouane Benhammou

(*Snorri Sturluson lögmaður*)

(*Elisabeth Matthíasdóttir lögmaður, réttargæslumaður brotaþola*)

D Ó M U R

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð dagana 23., 26. og 27. mars 2026, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum 17. febrúar 2026 á hendur Merouane Benhammou, kt. [...], með lögheimili að [...]:

„fyrir hegningarlagabrot, sem hér segir;

A. Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi á tímabilinu frá 11. desember 2025 til 13. janúar 2026 með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð eiginkonu sinnar, A, kt. [...], með líkamlegu og andlegu ofbeldi, sem og hótunum, frelsissviptingu og nauðung, m.a. sem hér greinir:

A.I.

Með því að hafa, fimmtudaginn 11. desember 2025, í símtali ákærða og A, talað illa um móður og systur A, sagt A að hann væri reiður, á leiðinni heim og hótað

A barsmíðum.

Mál nr. [...]

A.II.

Með því að hafa, að kvöldi fimmtudagsins 11. desember 2025, á sameiginlegu heimili ákærða og A að [...], sparkað einu sinni í bak A.

Mál nr. [...]

A.III.

Með því að hafa, laugardaginn 13. desember 2025, meinað A og hindrað tilraunir hennar til að opna fyrir og ræða við lögreglu sem komin var að heimili ákærða og A að [...], í kjölfar tilkynningar um heimilisofbeldi, en að endingu þurfti lögregla að sparka upp hurð íbúðarinnar og fann þar ákærða og A inni á baðherbergi þar sem ákærði hafði kveikt í vegabréfi sínu og reynt að sturta því niður í klósettið.

Mál nr. [...]

A.IV.

Með því að hafa, á tímabilinu frá 22. desember 2025 til 4. janúar 2026, brotið gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili, með því að hafa allt þetta tímabil dvalið nær daglega á [...], ásamt A, þrátt fyrir að ákærði hafi með ákvörðun lögreglustjórans á Suðurnesjum, dags. 16. desember 2025, verið bannað að koma á eða í námunda við heimili A að [...], á svæði sem afmarkast við 50 metra radíus umhverfis heimilið, mælt frá miðju hússins. Jafnframt var lagt bann við því að kærði veitti brotaþola eftirför, nálgadist hana á almannafæri, hringdi í heima-, vinnu- eða farsíma hennar, sendi henni tölvupóst eða setti sig á annan hátt í beint samband við hana.

Mál nr. [...]

A.V.

Með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 4. janúar 2026, í aftursæti leigubifreiðar með númerið „[...]“, við Aðalgötu og Þjóðbraut, Reykjanesbæ, ráðist á A og slegið hana í andlitið, en þegar A bað leigubílstjórann að stoppa svo hún gæti komist út, greip ákærði um háls hennar með annarri hendi og reyndi að meina

henni að komast út úr bifreiðinni. Þegar A komst út úr bifreiðinni fór ákærði á eftir henni, ýtti henni niður í jörðina í vegkanti við hringtorg Þjóðbrautar og Reykjanesbrautar og sparkaði margítrekað í höfuð, bók, hendur og fætur A, auk þess sem hann sló hana í andlitið og reif eyrnalokk úr eyra hennar. Voru afleiðingar árásar ákærða þær að A hlaut fjölmarga áverka á höfði, andliti, hálsi, vinstra eyra, vinstri hendi, vinstri öxl, vinstri síðu, báðum fótleggjum og hægri rasskinn.

Mál nr. [...]

A.VI.

Með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 4. janúar 2026, í fangaklefa á lög-reglustöðinni við Hringbraut, Reykjanesbæ, í kjölfar handtöku ákærða eftir árásina í lið A.V. sagt: „*I will kill this wife. I will fire this whore*“.

Mál nr. [...]

A.VII.

Með því að hafa, [á] tímabilinu frá 12.–13. janúar 2026, brotið gegn nálgun-arbanni, með því að hafa samtals 12 sinnum hringt í farsíma A [...], úr fangasíma í fangelsinu á Hólmsheiði [...], þar sem ákærði var í gæsluvarðhaldi, allt þrátt fyrir að ákærða hafi með ákvörðunum lögreglustjórans á Suðurnesjum, dags. 16. desember 2025 og 12. janúar 2026, verið bannað að m.a. hringja í heima-, vinnu-eða farsíma hennar og setja sig á annan hátt í beint samband við hana.

Mál nr. [...]

Afleiðingar af háttsemi ákærða í kafla A., sbr. liði A.I.–A.VII. voru m.a. þær að A bjó við viðvarandi ógnarástand, hún óttaðist ákærða og óttaðist um líf sitt.

Telst framangreind háttsemi ákærða í kafla A., sbr. liði A.I.–A.VII. varða við 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá telst háttsemi ákærða í lið A.V. einnig varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.I. [...] varða við 233. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.II. [...] varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.IV. [...] varða við 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.V. [...] varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.VI. [...] varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.VII. [...] varða við 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu krefst brotþoli, A, kt. [...], þess að ákærða verði gert að greiða henni kr. 2.500.000,- í miskabætur með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. desember 2025 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar vegna starfa lögmanns skv. mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að teknu tilliti til virðisaukaskatts úr hendi kærða.“

Þann 10. mars 2026 gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða, sem tekin var fyrir í þinghaldi 23. mars síðastliðinn og sameinuð þessu máli með heimild í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Eru ákærða þar gefin að sök eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum, framin í fangageymslu lögreglustöðvarinnar að Hringbraut

130 í Reykjanesbæ:

„I.

Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, aðfaranótt föstudagsins 12. desember 2025, hótað lögreglumanni nr. 1902, sem var við skyldustörf, líkamsmeiðingum og lífláti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 191940.

M. [...]

II.

Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 4. janúar 2026, ráðist með ofbeldi gegn lögreglumönnum nr. 2515 og N2462, sem voru við skyldustörf, og m.a. tekið lögreglumann nr. N2426 hálstaki og einnig með þeim afleiðingum að lögreglumaður nr. 2515 féll á bakið á gólfi fangaklefans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

M. [...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Þá gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út ákæru á hendur ákærða, dagsetta 20. mars síðastliðinn. Var hún jafnframt tekin fyrir í þinghaldi 23. mars síðastliðinn og sameinuð þessu máli með heimild í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Er ákærða þar gefið að sök:

„fíkniefnalagabrot, með því að hafa, laugardaginn 13. apríl 2024, á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113 í Reykjavík, haft í vörslum sínum 28 stykki af Sobril, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða.

M: [...]

Telst háttsemi þessi varða við 3. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur

eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Jafnframt er krafist upptöku á framangreindum 28 stykkjum af Sobril, með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/197[4].“

Með bréfi ríkissaksóknara frá 10. febrúar 2026 var lögreglustjóranum á Suðurnesjum falin saksókn í framangreindu máli er varðar ætlaða líkamsárás á hendur brotapolanum A, sbr. ákæru útgefna 17. febrúar síðastliðinn. Í bréfi ríkissaksóknara greinir enn fremur að til meðferðar séu fjölmörg önnur mál á hendur ákærða, þar á meðal mál er varðar ætluð brot hans gegn brotþola. Verður af bréfi ríkissaksóknara ráðið að lögreglustjóranum á Suðurnesjum sé með bréfinu, í eitt skipti fyrir öll, falin saksókn þeirra mála sem til rannsóknar voru á hendur ákærða á þeim tíma.

1 Afstaða ákærða til sakarefnis

Ákærði gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins 23. mars síðastliðinn. Sagði hann samband sitt og brotþola hafa verið gott, þar á meðal samband þeirra á tímabilinu frá 11. desember 2025 til 13. janúar 2026. Hún væri kona hans, hann elski hana mjög mikið, enda væri hún góð manneskja. Þau hafi þó stundum lent í ágreiningi vegna áfengisneyslu brotþola, sem væri krabbameinssjúklingur og ætti þar af leiðandi ekki að neyta áfengis. Ákærði sagðist hvorki hafa beitt brotþola líkamlegu né andlegu ofbeldi, eða hótad henni slíku ofbeldi á nokkurn hátt.

Nánar svaraði ákærði spurningum varðandi einstaka ákæruliði:

1.1 Ákæra 17.2.2026.

1.1.1 ákæruliður A.I

Ákærði kvaðst neita sök. Hann kvaðst þó kannast við símtalið og að hafa verið reiður umrætt sinn, en hann hafi þó ekki hótad að beita líkamlegu ofbeldi. Sagði hann reiði sína einkum hafa beinst að áfengisneyslu brotþola. Þá hafi systir brotþola verið mjög

afskiptasöm auk þess sem hún hafi verið mótfallin sambandi þeirra.

1.1.2 ákæruliður A.II

Ákærði neitaði sök. Sagði hann brotþola hafa dottið þetta kvöld.

1.1.3 ákæruliður A.III

Ákærði kvaðst neita sök. Sagði hann brotþola ekki hafa viljað opna fyrir lögreglu. Þá kvaðst hann neita fyrir að hafa kveikt í vegabréfi sínu.

1.1.4 ákæruliður A.IV

Ákærði neitaði sök. Sagði hann brotþola hafa hringt í sig og beðið sig um að koma „heim“. Hann hafi þó ekki dvalið á heimili brotþola, heldur í nálægri kirkju. Hann hafi þó farið í nokkrar stuttar „heimsóknir“ til brotþola, í hennar boði, og hitt hana nær daglega á „hótelbar“, en dvalið í kirkjunni þess á milli. Kvaðst ákærði aðspurður hafa verið meðvitaður um að í gildi væri nálgunarbann og brottvísun af heimili. Brotþoli hafi hins vegar sjálf sett sig í samband við ákærða. Ákærði kvaðst hafa rætt þetta við þáverandi lögmann sinn sem hafi ráðið honum frá því að fara á heimili brotþola. Hann hafi hins vegar staðið í þeirri trú að hann mætti hitta hana utan heimilis.

1.1.5 ákæruliður A.V

Ákærði kvaðst hafa verið að skemmta sér með brotþola og vini þeirra umrætt kvöld. Sagði hann þau hafa bæði neytt áfengis og kókaíns. Síðar um kvöldið hafi þau tekið saman leigubíl heim til brotþola. Hún hafi skyndilega orðið „mjög pirruð“, lamið sig sjálfa, opnað farþegadyr leigubílsins, sem hafi verið á ferð, og „hent“ sér út. Sagðist ákærði hafa árangurslaust reynt að stöðva brotþola með því að grípa í hana. Hafi leigubílstjórinn þá stöðvað bílinn, ákærði farið út og til brotþola þar sem hún hafi legið á jörðinni. Kvaðst hann hafa reynt að hjálpa brotþola á fætur en hafi „misst hana“ þannig að hún féll niður og hafi við það fengið skurð á höfuðið. Kvaðst ákærði þá hafa beðið brotþola um síma hennar, en hún neitað því. Hann hafi því fengið lánaðan síma leigubílstjórans þar sem hann hafi viljað hringja í lögreglu, sem hann kvaðst hafa gert. Sagði hann síðar í skýrslutöku hafa hringt í lögreglu úr síma brotþola, þ.e. símanúmerinu 788-0378. Því næst hafi hann farið aftur til brotþola og enn á ný beðið um síma hennar, en hún hafi ekki viljað afhenda honum símtækið. Þau hafi því „aðeins verið að ýtast“.

Sagðist hann hafa „ýtt við henni“ þannig að hún „datt niður“. Hann hafi þá tekið síma hennar og beðið eftir að lögregla kæmi á svæðið. Kvaðst ákærði ekki hafa valdið áverkum á brotapolu, þeir hafi komið til deginum áður þegar brotapolu hafi dottið úr rúmi sínu. Þá sagði hann að leigubílstjórinn hafi hrint eða ýtt við brotapolu.

1.1.6 ákæruliður A.VI

Ákærði kvaðst neita sök samkvæmt ákæruliðnum. Hann hafi verið ölvaður á þessum tíma auk þess sem hann hafi neytt fíkniefna. Þá hafi hann verið beittur ofbeldi af hálfu lögreglu. Hann kvaðst af þeim sökum ekki vita nákvæmlega hvaða orð hann hafi haft uppi. Hann hafi þó ekki sagt: „ég ætla að brenna hana“, heldur hafi hann einungis sagt: „ég ætla að brenna.“

1.2 Ákæra dagsett 10. mars 2026

1.2.1 ákæruliður I

Ákærði kvaðst hafa verið reiður umrætt sinn. Hann hafi verið beittur ofbeldi, án ástæðu. Kvaðst hann hafa „sagt þetta bara“. Hann kvaðst hafa talað við lögreglumanninn „eftir á“ sem hefði að hans mati ekki gert mikið úr málinu.

1.2.2 ákæruliður II

Ákærði kvaðst hvorki hafa ýtt eða hrint lögreglumönnum né tekið lögregluþjón hálstaki. Lögreglan hafi hins vegar veist að ákærða, sem hafi liðið illa og átt erfitt með andardrátt.

2 Ákæra dagsett 17. febrúar 2026

2.1 Ákæruliðir A.I og A.II (mál lögreglu nr. 008-2025-22410)

- Málavextir, framburðir ákærða og vitna

Í frumskýrslu greinir að lögregla hafi sinnt útkalli á heimili brotapolu, A, að [...] í Reykjanesbæ, fimmtudaginn 11. desember 2025, vegna ætlaðra hótana í hennar garð. Kom fram að eiginmaður hennar hefði farið af heimilinu fyrr um daginn, en væri nú kominn heim.

Segir í skýrslunni að við komu hafi lögregla mætt brotapolu í anddyri fjölbýlishússins og hafi hún beðið lögreglu um að fara, þar sem hún teldi ekki lengur þörf á að komu lögreglu þar sem eiginmaður hennar væri nú orðinn rólegur. Segir að brotapolu hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis. Hafi brotapolu greint frá því að eiginmaður hennar,

ákærði, hafi farið í bæinn fyrr um daginn með vini sínum. Sagði brotaþoli ákærða hafa hringt í sig þaðan, hann verið mjög æstur og hafi hótad henni líkamsmeiðingum.

Í skýrslunni greinir að lögregla hafi því næst farið inn í íbúð 101, íbúð brotaþola, og rætt þar við ákærða. Segir að ákærði hafi komið af fjöllum og sagði hann brotaþola segja ósatt, en hann hafi verið „rólegur í allan dag“. Aðspurður kvaðst ákærði hvorki taka lyf né fíkniefni. Brotaþoli hafi hins vegar verið að drekka allan daginn og því væri ekki hægt að taka mark á henni. Lögregla handtók ákærða á vettvangi vegna gruns um heimilisofbeldi og færði hann á lögreglustöð.

Lögregla ræddi á vettvangi við *brotaþola*, sem kvaðst vera eiginkona ákærða til eins og hálfis árs, en þau hefðu verið í sambandi í um fjögur ár. Sagði hún ákærða hafa verið vísað úr landi í apríl 2024 og þau hafi því ákveðið að gifta sig í Marokkó það sama ár. Sagði hún ákærða hafa flutt á ný til Íslands árið 2025.

Sagði hún ákærða hafa rokið út úr íbúð þeirra snemma um morguninn og verið mjög reiður. Sagði hún ákærða í símtali síðar um daginn hafa hótad sér líkamsmeiðingum. Kvaðst hún hafa orðið mjög hrædd við þessar hótanir, enda taldi hún allt eins víst að hann myndi láta verða af þeim. Þá sagði hún ákærða einnig hafa hreytt fúkyrðum í vinkonu hennar, vitnið B. Sagði hún samband sitt og ákærða „heilt yfir“ ekki hafa verið gott. Hann hafi áður beitt hana líkamlegu ofbeldi en það hafi þó aðeins gerst í tvö skipti.

Segir í skýrslunni að brotaþoli hafi verið undir sjáanlegum áfengisáhrifum og greindi hún sjálf frá því að eiga við áfengisvanda að stríða.

Brotaþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 15. desember sama ár. Kvaðst hún hafa verið við drykkju umræddan dag, en það færi almennt í taugarnar á ákærða. Hann væri þó sjálfur í neyslu, þar á meðal neytti hann kókaíns. Sagði hún þau hafa rifist og hafi ákærði hótad móður hennar og systur hennar, C. Hafi hann meðal annars hótad því að meiða hana, enda væri hún „vond manneskja“. Kvaðst brotaþoli þá hafa hringt í systur sína og upplýst hana um hótanirnar. Sagði hún ákærða hafa verið mjög „aggressívan“ og kvaðst hún hafa óttast hann. Þá hafi ákærði sparkað fast með hægri fæti sínum í mjóbak hennar þar sem hún sat í stól við tölvu. Hún kvaðst þá hafa farið til vinkonu sinnar sem býr í næstu blokk og greint henni frá atvikum.

Brotaþoli leiðrétti fyrri frásögn sína þess efnis að ákærði hefði hótad henni líkamsmeiðingum í síma, líkt og hún hefði greint frá í samtali við lögreglu 11. desember. Hann hafi „ekki beint“ verið að hótá sér, heldur hafi hann talað illa um móður hennar og

systur.

Fyrir dómi greindi brotþoli frá því að hafa kynnst ákærða í janúar 2023. Sagði hún samband þeirra hafa verið stormasamt. Þau hafi stundum átt saman góðar stundir, en oft hafi samband þeirra ekki gengið vel. Megi segja að verulega hafi farið að síga á ógæfuhliðina í sambandi þeirra haustið 2025, þ.e. þegar ákærði hafi fengið dvalarleyfi hér á landi.

Varðandi atvik að kvöldi 11. desember 2025 sagði brotþoli ákærða hafa verið mjög „erfiðan“ þann dag og hún hefði ekkert ráðið við hann. Greindi hún frá því að ákærði hefði reiðst þar sem brotþoli hefði fengið sér í glas, sem hafi farið í taugar ákærða. Hann hafi hótad því að taka af henni bjórinn og lemja hana. Síðar um kvöldið hafi ákærði sýnt af sér ofbeldistilburði og meðal annars sparkað í bak eða síðu brotþola þar sem hún sat í stól. Sagði hún ákærða hafa verið í skóm og hann hafi sparkað „fast“. Kvaðst hún þá hafa orðið „svolítið hrædd“. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa fengið sjáanlega áverka vegna þessa og ekki fundið til sérstakra verkja í síðunni. Hún hafi hins vegar verið nokkuð verkjuð þar fyrir, enda hafi hún verið með krabbamein á þessum tíma og hafi verið bólgin.

Sagði hún ákærða jafnframt hafa hótad systur brotþola og móður lífláti, sem og Bu, vinkonu brotþola, auk þess sem hann hafi hótad því að leggja eld að bifreið Bar. Sagði hún ákærða hafa haft þessar hótanir uppi í símtölum við umrædda aðila. Hafi ákærði verið handtekinn síðar þetta kvöld.

Lögregla tók skýrslu af vitninu B 7. janúar 2026. Kvaðst hún vera nágranni brotþola. Kvaðst hún eitt sinn hafa orðið vitni að myndsímtali milli brotþola og ákærða þar sem ákærði hafi „talað illa við hana“ og hótad henni „öllu illu“ og meðal annars hótad því að beita hana líkamlegu ofbeldi. Þá hafi brotþoli greint frá því að vera hrædd við ákærða og þyrði ekki að vera heima hjá sér af ótta við ákærða.

B gaf einnig skýrslu við aðalmeðferð málsins. Sagðist hún hafa kynnst brotþola þegar hún hefði flutt í næstu blokk og hefði verið nokkur samgangur á milli þeirra. Kvaðst hún í eitt skipti hafa orðið vitni að hótunum ákærða í garð hennar og brotþola, en ákærði hafi hótad þeim báðum lífláti. Sagði hún ákærða hafa haft hótanirnar uppi í myndsímtali við brotþola, sem B hafi orðið vitni að. Kvaðst hana minna að þetta hefði verið í janúar 2026. Kvaðst hún aldrei hafa hitt ákærða í eigin persónu, en brotþoli hafi greint sér frá ofbeldi af hálfu ákærða, þ.e. hún hafi tjáð vitninu að hann hafi verið „vondur

við hana“.

C, hálf systir brotaþola, greindi frá því að í desember 2025 hafi borið „á mjög alvarlegu ofbeldi“ af hálfu ákærða og hafi lögregla oftast en einu sinni þurft að „bjarga“ brotaþola af heimili sínu. Kvaðst C í eitt skipti sjálf hafa hringt í lögreglu þar sem hún hafi í símtali við brotaþola skynjað hræðslu hennar við ákærða. Þá sagði hún brotaþola hafa greint sér frá ofbeldi ákærða. Þar á meðal hefði brotaþoli greint henni frá því að í eitt skipti hefði ákærði sparkað í bak brotaþola þar sem hún hafi setið í sófa. Hún hafi hins vegar sjálf ekki orðið vitni að því atviki eða öðru, en það sé þó „alþekkt“. Þá greindi C frá því að ákærði hefði hótad henni símleiðis.

C kvaðst sannfærð um að brotaþoli óttaðist ákærða og að henni liði mjög illa vegna málsins.

D, móðir brotaþola, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Greindi hún frá því að samband ákærða og brotaþola hefði farið versnandi og að hún hefði merkt áverka á brotaþola. Hún muni þó ekki hvenær hún hafi séð slíka áverka, en brotaþoli hafi einungis nýlega greint henni frá því að ákærði hafi verið ofbeldisfullur. Kvaðst hún sjálf þó aldrei hafa orðið vitni að slíku.

Lögreglumaður nr. H1967 greindi frá því að brotaþoli hefði óskað eftir aðstoð lögreglu vegna hótana ákærða í hennar garð. Lögregla hafi hitt fyrir brotaþola á vettvangi sem hafi þar beðið lögreglu um að fara, þar sem hún þyrfti ekki á frekari aðstoð lögreglu að halda, enda hefði ákærði róast niður. Lögregla hafi allt að einu ákveðið að fara inn í íbúð brotaþola og ræða við ákærða og hafi lögregla á endanum ákveðið að handtaka ákærða á grundvelli framangreindrar tilkynningar brotaþola, og var hann færður í fangageymslu. Greindi lögreglumaðurinn frá því að þegar þangað hafi verið komið hafi ákærði hótad lögreglumanni nr. 1902 lífláti, sbr. lið I í ákæru dagsettri 10. mars 2026, sbr. kafla 3.1 síðar í dómi þessum.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta frumskýrslu sína í málinu.

Lögreglumaður nr. 2510 greindi frá því að í kjölfar tilkynningar hefði lögregla farið að heimili brotaþola. Þegar þangað hafi verið komið hafi brotaþoli hafnað afskiptum lögreglu, sem hafi allt að einu afráðið að fara inn í íbúð hennar, „til að kanna aðstæður“.

Hafi brotþoli þar greint lögreglu frá atburðum, þ.e. að ákærði hafi haft uppi hótanir um að meiða og drepa brotþola. Hafi lögregla því afráðið að handtaka ákærða vegna ætlaðs heimilisofbeldis.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta skýrslur sínar í málinu.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 12. desember 2025 neitaði *ákærði* fyrir að hafa staðið í hótunum við brotþola. Hann kvaðst hafa haft áhyggjur af heilsufari brotþola vegna áfengisneyslu hennar. Kvaðst hann hafa sagt við brotþola: „vilt þú drepa sjálfa þig eða hvað vilt þú?“ eða „ef þú vilt drepa sjálfa þig þá hjálpa ég þér ekki meira“. Þetta hafi brotþoli misskilið þannig að hún hafi talið ákærða hafa hótad henni lífláti. Ákærði kvaðst jafnframt neita fyrir að hafa hótad brotþola líkamsmeiðingum.

2.2 *Ákæruliður A.III (mál lögreglu nr. 008-2025-22484)*

- Málavextir, framburðir ákærða og vitna

Í sakargögnum greinir að laugardaginn 13. desember 2025 hafi lögreglu borist tilkynning um hugsanlegt heimilisofbeldi að [...], íbúð 101, Reykjanesbæ. Lögregla hafi bankað á dyr íbúðarinnar, en ekki hafi verið opnað. Segir að lögregla hafi heyrt umgang innan úr íbúðinni. Hafi lögregla því haldið áfram að banka og jafnframt reynt að kalla á húsráðendur. Segir að lögregla hafi heyrt ákærða ræða við brotþola, en gátu lögreglumenn þó ekki greint orðaskil. Ítrekaði lögregla beiðni sína um að dyrnar yrðu opnaðar. Ákærði svaraði þá og sagði ekkert ama að og bað lögreglu um að fara. Lögregla hafi þá beðið um að fá að ræða við brotþola og að hún ætti að koma til dyra. Segir að brotþoli hafi nokkrum sinnum svarað kalli lögreglu. Þá segir að ákærði hafi ítrekað „talað yfir allt“ sem brotþoli hafi reynt að segja við lögreglu. Hafi annar lögregluþjónanna þá farið út fyrir og litið inn um glugga íbúðarinnar og fylgst þar með því sem fram fór innan dyra, á meðan aðrir lögreglumenn reyndu ítrekað að fá ákærða eða brotþola til að opna dyrnar að íbúðinni. Segir að lögregla hafi náð athygli brotþola inn um gluggann og reynt að ræða við hana, en ákærði þá gengið fyrir hana. Eftir ítrekaðar, en árangurslausar, tilraunir lögreglu til að fá ákærða til að opna hafi verið tekin ákvörðun um að brjóta upp dyrnar þar sem lögreglu hafi grunað að ákærði héldi brotþola gegn hennar vilja. Þegar lögregla kom inn í íbúðina fann hún ákærða og brotþola saman inni á baðherbergi þar sem ákærði var handtekinn og hann færður á lögreglustöð.

Lögregla ræddi við brotþola á vettvangi, auk þess sem tekin var af henni skýrsla

15. desember 2025. Kvaðst hún hafa verið nývöknuð þegar lögregla kom á svæðið. Sagðist hún hafa viljað opna dyrnar fyrir lögreglu en ekki þorað því þar sem ákærði hefði bannað henni að opna. Nánar greindi hún frá því að hafa hringt í C systur sína að kröfu ákærða. Þegar hún hafi svarað hafi ákærði haft uppi hótanir í hennar garð, meðal annars hafi hann hótað henni lífláti. Sagði hún ákærða því næst hafa krafist þess að brotþoli hringdi í móður sína, sem hún hafi gert. Sagði hún ákærða jafnframt hafa hótað móður hennar í símtalinu. Þegar lögregla hafi barið að dyrum nokkru síðar hafi ákærði meinað henni að opna og sagt: „ekki fara til dyra, ekki fara til dyra“ og „... þú ferð ekkert til dyra. Sittu hérna“. Kvaðst hún aðspurð hafa verið hrædd við ákærða, henni hafi liðið „rosalega illa“ og hafi ekki vitað hvað hún ætti til bragðs að taka.

Brotþoli sagði samband sitt og ákærða í fyrstu hafa verið ágætt en háttarni ákærða hefði síðar tekið miklum stakkaskiptum. Kvaðst brotþoli nú óttast ákærða sem hafi oftsinnis beitt hana ofbeldi.

Fyrir dómi greindi brotþoli frá því að ákærði hefði ekki viljað opna fyrir lögreglu og hefði komið í veg fyrir að brotþoli gæti opnað dyrnar. Nánar sagði hún þau hafa setið saman í sófa þegar lögregla hafi knúið dyra og hafi komið „í veg fyrir með olnboganum“ að brotþoli færi til dyra. Þá hafi hann hótað því að „verða mjög reiður“ opnaði hún dyrnar. Hún kvaðst að lokum hafa náð að standa upp úr sófanum, en ákærði hafi þó „blokkað“ hana og ítrekað bannað henni að opna. Sagðist brotþoli hafa orðið mjög hrædd við ákærða, sem hafi sýnt ógnandi tilburði og haft uppi hótanir. Hún hafi því ekki þorað að aðhafast.

Brotþoli greindi jafnframt frá því að ákærði hefði kveikt í vegabréfi sínu, þ.e. ákærða, og hent því í klósettið, að sögn ákærða í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að honum yrði vísað úr landi.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 14. desember 2025 greindi ákærði frá því að lögregla hefði fyrirvaralaust mætt á svæðið og beðið þau um að opna. Kvaðst ákærði hafa sagt við brotþola: „opna þú fyrir þeim“, en hann hafi sjálfur ekki viljað tala við lögregluna, auk þess sem hann hafi ekki skilið það sem lögregla hafi sagt, enda hafi lögreglumennirnir talað á íslensku. Ákærði kvaðst neita öllum ásökunum um að hafa haldið brotþola í íbúðinni gegn hennar vilja.

Lögreglumaður nr. N2537 greindi frá því að lögregla hefði farið að heimili brotþola

vegna tilkynningar um ætlað heimilisofbeldi. Hafi lögregla knúið dyra á íbúð brotþola, en því hafi ekki verið sinnt. Sagði hann lögreglu hafa heyrt í brotþola og ákærða innan úr íbúðinni. Sagði lögreglumáðurinn brotþola hafa svarað kalli lögreglu, en ákærði hafi sífellt gripið fram í. Hafi lögregla á endanum afráðið að sparka upp hurðinni og fara inn í íbúðina, þar sem ákærði hafi verið handtekinn og hann færður á lögreglustöð.

Lögreglumáðurinn kvaðst staðfesta frumskýrslu í málinu.

Lögreglumáður nr. 2477 greindi frá því að lögregla hafi farið að heimili brotþola vegna tilkynningar um heimilisófrið. Húsráðendur hafi ekki viljað opna fyrir lögreglu sem hafi endað með því að lögregla hafi brotið upp dyrnar og handtekið ákærða. Kvaðst lögreglumáðurinn hafa tekið fyrsta framburð af brotþola á vettvangi. Nánar greindi lögreglumáðurinn frá því að hafa farið bakvið hús og að glugga íbúðarinnar og reynt þannig að ná sambandi við brotþola, en ákærði hafi þá gengið í veg fyrir brotþola. Þá sagðist lögreglumáðurinn jafnframt hafa séð ákærða ganga í veg fyrir brotþola þegar hún hafi gert sig líklega til að opna fyrir lögreglu.

Lögreglumáðurinn kvaðst staðfesta skýrslu sína.

2.3 *Ákæruliðir A.IV, A.V og A.VI (mál lögreglu nr. 008-2026-151)*

2.3.1 *Ákæruliður A.IV*

- Málavextir, framburðir ákærða og vitna

Í skýrslutöku hjá lögreglu 9. janúar 2026 var brotþoli innt eftir því hvers vegna hún hafi verið í samfloti með ákærða aðfaranótt 4. janúar sama ár. Kvaðst brotþoli hafa „tekið við“ ákærða aftur, en hún sjái nú að það hafi verið dómgreindarrestur af hennar hálfu, hún hafi látið blekkjast af fagurgala ákærða. Sagði hún ákærða hafa sent sér fjölmörg skilaboð og hafa ítrekað reynt að ná sambandi við hana, þrátt fyrir að í gildi væri nálgunarbann og ákvörðun um brottvísun af heimili. Taldi hún þau hafa hist að minnsta kosti 30 sinnum á þessum tíma og hafi hann til að mynda dvalið hjá henni milli jóla og nýárs.

Brotþoli greindi svo frá fyrir dómi að ákærði hafi dvalið um tíma á heimili hennar á tímabilinu 22. desember 2025 til 4. janúar 2026, þ.e. á þeim tíma þegar hann sætti nálgunarbanni og brottvísun af heimili. Sagðist hún hafa leyft ákærða að dvelja í íbúð hennar yfir jólin og fram yfir áramót. Sagði hún að ákærði hefði sjálfur óskað eftir því að fá að dvelja hjá henni. Sagðist hún hafa séð aumur á ákærða, sem hafi verið heimilislauk á þessum tíma. Sagði hún þau bæði hafa verið fullmeðvituð um nálgunar-

bannið. Hún hafi þá viljað fá það fellt úr gildi, enda hafi ákærði þá „lofað öllu fögru“.

2.3.2 *Ákæruliður A.V*

- Málavextir, framburðir ákærða og vitna

Í framskýrslu lögreglu greinir að aðfaranótt sunnudagsins 4. janúar 2026 hafi lögreglu borist tilkynning um slagsmál tveggja aðila við leigubifreið á Reykjanesbraut, hjá hringtorgi, við Þjóðbraut og Aðalgötu, líkt og í skýrslu greinir. Þá hafi önnur tilkynning borist stuttu síðar þess efnis að leigubílstjóri, sem hafi orðið vitni að slagsmálunum, væri kominn að Aðalgötu 60 og ætlaði að ræða við lögreglu þar.

Segir í skýrslunni að lögregla hafi við komu að [...] hitt þar fyrir tilkynnanda, E, en hann var ökumaður leigubifreiðar með einkanúmerið [...]. Greindi E lögreglu frá því að hafa ekið tveimur farþegum, manni og konu, og sagði hann manninn hafa veist að konunni. Hafði lögregla uppi á fólkinu, þ.e. ákærða og brotþola, þar sem þau voru stödd á Reykjanesbraut norðan við Þjóðbraut. Segir að brotþoli hafi setið á grasbala við akbrautina en ákærði staðið yfir henni.

Ræddi lögregla við þau á vettvangi. Greindi ákærði þar frá því að þau hefðu tekið saman leigubíl eftir að hafa verið saman á bar um kvöldið. Segir í skýrslunni að ákærði hafi sjáanlega verið undir miklum áfengisáhrifum og hafi talað takmarkaða ensku. Lögregla ræddi á vettvangi einnig við brotþola, sem sagði ákærða hafa gengið í skrokk á sér. Segir í skýrslunni að brotþoli hafi verið með talsverða áverka víðs vegar í andliti og á höfði. Lögregla handtók ákærða og færði á lögreglustöð, en brotþola var ekið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) til aðhlynningar og skoðunar.

Lögregla ræddi á vettvangi einnig við fyrrgreindan E, sem kvaðst hafa tekið ákærða og brotþola upp í bifreið sína við [...]. Sagði hann ákærða hafa verið með háreysti í bifreiðinni og hafi sakað brotþola um að hafa drukkið of mikið áfengi. Sagði E brotþola á endanum hafa viljað yfirgefa bifreiðina. Þegar E hafi stöðvað bifreiðina til að hleypa brotþola út hafi ákærði tekið brotþola hálstaki með hægri hendi og reynt að loka farþegadyrum með þeirri vinstri, en það ekki tekist þar sem brotþoli hafi haldið hurðinni opinni með fótum sínum. Hafi E þá hafa farið út úr bifreiðinni og beðið ákærða um að loka dyrunum. Ákærði hafi þá farið út úr bifreiðinni og veist að brotþola.

Sagði E ákærða hafa tekið farsíma hans, en E farið í bifreið sína og ekið áfram að næsta hringtorgi, þar sem hann hafi afráðið að snúa við og aka aftur að þeim stað þar sem ákærði og brotþoli voru stödd. Þar hafi ákærði á ný sest upp í bifreiðina, afhent E farsíma

hans og beðið hann um að aka með sig niður í miðbæ. Ákærða hafi hins vegar snúist hugur og farið aftur út úr bifreiðinni til brotþola, þar sem hann hafi veist að henni með þeim afleiðingum að hún féll í jörðina. Kvaðst E þá hafa ekið á brott og jafnframt hringt í lögreglu. Kvaðst E nánar tiltekið hafa séð ákærða ítrekað sparka með hægri fæti í brotþola þar sem hún hafi legið á jörðinni. Sagði hann brotþola hafa borið hendur fyrir höfuð sér á meðan ákærði hafi ítrekað sparkað í hana.

Skýrsla var tekin af brotþola á lögreglustöð 8. janúar 2026. Greindi hún frá því að þau hefðu tekið saman leigubíl úr miðbæ eftir að hafa verið þar við drykkju. Í leigubílnum hafi komið upp ágreiningur um símtæki sem leitt hafi til þess að ákærði hafi „snappað“ og byrjað að slá brotþola utan undir. Kvaðst hún hafa öskrað á leigubílstjórann og beðið hann um að stöðva bifreiðina þar sem ákærði væri að lemja hana. Sagði hún leigubílstjórann þá hafa snarhemað, hún hafi hlaupið út úr bifreiðinni og ákærði á eftir henni og krafist þess að brotþoli afhenti honum síma sinn sem hún hafi neitað að gera. Sagði hún ákærða þá hafa „byrjað að berja“ sig. Nánar sagði brotþoli ákærða hafa slegið sig með hendinni og sparkað í höfuð sitt þar sem hún lá á jörðinni eftir að hafa hlaupið út úr leigubifreiðinni. Kvaðst hún hafa reynt að verja sig fyrir atlögu ákærða og geti því ekki sagt nákvæmlega til um hvort hann hafi slegið eða sparkað í hana. Þá kvaðst hún ekki geta sagt til um hversu mörg högg ákærði hafi veitt henni, en hún hafi verið hrædd um líf sitt.

Fyrir dómi greindi hún frá því að hafa setið í leigubíl með ákærða umrætt sinn, en þau hafi verið á heimleið. Sagði hún ákærða hafa „brjálást“ þegar hún hafi neitað honum um síma sinn og veist að henni. Nánar tiltekið sagði hún ákærða hafa slegið sig „utan undir“ og kýlt í öxl hennar. Sagði hún þetta hafa gerst „rosalega hratt“. Hún hafi beðið leigubílstjórann um að stöðva bifreiðina, sem hann hafi gert, og hafi hún þá forðaði sér út. Sagði hún ákærða hafa elt sig uppi og hrint sér. Þá hafi hann slegið hana í andlit, kýlt í hana og „stappað“ á höfði hennar. Sagði hún högginn hafa dunið á sér. Nánar sagði hún ákærða hafa slegið sig í andlit, höfuð og bók, þ.e. í öxl, bak og fætur. Sagði hún ákærða bæði hafa kýlt í hana og stappað á höfði hennar og líkama, þar sem hún hafi legið í jörðinni. Sagðist hún hafa reynt að bera hendur fyrir höfuð sér, til að verjast atlögunni. Sagði hún ákærða hafa veitt sér mörg högg, kannski um 10–20. Kvaðst hún hafa óttast um líf sitt og sé hún viss um að ákærða hefði tekist að drepa hana, hefði leigubílstjórinn

ekki náð að kalla til lögreglu.

Brotapoli kvaðst hafa liðið mjög illa eftir þetta. Hún hafi bæði verið illa farin á líkama og sál. Aðspurð sagðist hún sérstaklega hafa verið með mikla verki í höfði auk þess sem þetta hafi haft áhrif á heyrn hennar. Sagði hún atvikið hafa haft andlegar afleiðingar og hafi hún því leitað til sálfræðings. Þá sé hún reið, sár og vonsvikin, hún sé með áfallastreituröskun og sé haldin miklum kvíða. Hún kvaðst sérstaklega bera kvíðboga fyrir því hvað taki við þegar ákærði losni úr fangelsi. Sagðist hún þegar hafa óskað eftir skilnaði frá ákærða.

Brotapoli kvaðst hafa leitað til HSS í kjölfar atlögunnar til skoðunar og aðhlynn-
ingar. Sagði hún alla þá áverka sem hún hafi þar greinst með hafa komið til vegna
fyrirgreindrar atlögu ákærða.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 4. janúar 2026. Neitaði hann þar fyrir að hafa veist að brotapolu í leigubifreið fyrr um nóttina. Sagði hann brotapolu, sem hafi verið ofurölvi, sjálfa hafa veitt sér þá áverka sem á henni voru. Að sögn hafi brotapoli ætlað að henda sér út úr bifreiðinni á ferð en hann hafi reynt að koma í veg fyrir það með því að halda eða toga í hana. Hún hafi hins vegar komist út úr bílnum og dottið á höfuðið. Þá hafi hún sjálf veitt sér áverka með því að lemja í andlit sitt. Blóðugar hendur ákærða skýrist af því að hann hafi reynt að þurrka blóð af höfði brotapolu. Sagði hann aðra áverka á líkama brotapolu hafa komið vegna falls á heimili hennar daginn áður. Sagði hann að þá hafi verið kallaður til sjúkrabíll og brotapoli hafi sætt aðhlynningu. Ákærði neitaði fyrir að hafa tekið utan um háls brotapolu. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið síma leigubílstjórans E ófrjálsri hendi. Hann hafi hins vegar beðið hann um að lána sér símann, sem hann hafi gert, en ákærði hafi ætlað sér að hringja í lögreglu. Úr því hafi hins vegar ekki orðið þar sem leigubílstjórinn hafi heimtað síma sinn til baka. Sagðist ákærði þá hafa beðið leigubílstjórann um að aka sér í miðbæinn en hafi beðið leigubílstjórann að snúa við skömmu síðar, þar sem brotapoli hafi verið með síma ákærða, auk þess sem hann hafi viljað vera á vettvangi þegar lögregla kæmi þangað.

Lögregla tók skýrslu af E. Sagðist hann hafa tekið ákærða og brotapolu upp í leigubifreið sína við skemmtistaðinn Rána og þau beðið hann um að aka sér á Ásbrú í Reykjanesbæ. Sagði hann þau hafa virst vera mjög drukkin og hafa rifist. Kvaðst hann hafa ekið þeim frá Ránni upp Aðalgötu og að hringtorginu á Reykjanesbraut á milli hringtorga við

Aðalgötu og Þjóðbraut. Sagði hann brotáþola hafa verið mjög æsta, hún hafi öskrað og beðið E um að stöðva bifreiðina, sem hann hafi gert. Því næst hafi brotáþoli opnað farþegadyrnar og ætlað út, en ákærði hafi gripið með hægri hendi vinstra megin í háls brotáþola, reynt að draga hana aftur inn í bílinn og loka hurðinni með vinstri hendi sinni. Brotáþoli hafi hins vegar náð að setja fætur sína á milli stafs og hurðar og þannig komið í veg fyrir að ákærði gæti lokað. Sagði hann þau hafa öskrað hvort á annað og í framhaldinu hafi ákærði hellt bjór á gólf bifreiðarinnar. Kvaðst E þá hafa farið fram á að þau yfirgæfu þegar bifreiðina. Sagði hann rifrildi þeirra hafa haldið áfram eftir að þau fóru út, sem hafi endað með því að ákærði hafi ýtt brotáþola í jörðina og sparkað ítrekað í hana með hægri fæti „um allan líkamann“ og „öskrað mjög reiðilega á hana að hann vilji skilnað“ og fleira í þeim dúr. Sagði hann brotáþola hafa legið í fósturstellingu í vegöxlinni og borið hendur fyrir höfuð og andlit til að verjast spörkum ákærða. Sagði hann ákærða hafa sparkað „örugglega yfir 20 sinnum“ í líkama brotáþola, „í fætur, maga, hendur og höfuð“ og „alltaf af öllu afli eins og að sparka í fótbolta“. Ákærði hafi síðan sest ofan á brotáþola og lagt vinstri framhandlegg sinn ofan á háls hennar og þrýst að. Þá hafi hann kýlt brotáþola einu hnefahöggi í andlitið. Sagði hann brotáþola á þeim tímapunkti hafa verið hætta að verja andlit sitt og virtist honum sem brotáþoli væri meðvitundarlaus. Hún hafi hvorki hreyft sig né gefið frá sér hljóð og hafi hann óttast að hún væri dain. Sagði E ákærða hafa öskrað látlaust á brotáþola á meðan á atlögunni hafi staði, en hann sagði árásina hafa staðið yfir í „langan tíma“, sennilega í um 2–3 mínútur. Lýsti E árásinni sem mjög hrottafenginni.

Sagðist hann hafa farið út úr bifreiðinni og aftur fyrir bílinn með síma sinn. Sagði hann ákærða þá hafa hlaupið til sín, tekið síma hans og sett í vasa sinn. Ákærði hafi því næst sótt bjór í bifreiðina og bannað E að gera lögreglu viðvart. Sagði hann ákærða þá hafa sest í framsæti bifreiðarinnar og sagt vitninu að aka aftur í miðbæinn. Sagði hann ákærða hafa sagst vera í mafiunni og að hann hafi verið í fangelsi. Sagði hann ákærða loks hafa afhent sér símann gegn loforði um að hann myndi ekki hafa samband við lögreglu. Sagði hann ákærða hafa verið mjög ógnandi í framkomu og hafa meðal annars hóttað sér líkamsmeiðingum. Kvaðst hann hafa verið mjög hræddur við ákærða. Sagðist hann hafa ekið með ákærða sem leið lá í miðbæinn, en snúið við stuttu síðar og ekið aftur að þeim stað þar sem brotáþoli lá enn hreyfingarlaus á jörðinni. Hafði þá fólk verið komið á vettvang og við það hafi ákærði „panikkað“ og sagt sér að stöðva þar bifreiðina. Hafi ákærði farið þar út úr bifreiðinni og að fólkinu sem þar stóð. Sagði hann ákærða hafa

verið mjög ógnandi við fólkið, öskrað á það og hafa gert sig líklegan til að skemma bifreið þess. Hafi fólkið því forðað sér á brott. Sagði hann ákærða þá hafa haldið áfram að sparka í brotþola, þar sem hún lá á jörðinni, „af fullum krafti eins og í fyrra skiptið“ í hægri síðu brotþola, sem hafi legið hreyfingarlaus á bakinu. Kvaðst E ekki geta sagt til um hversu oft ákærði hefði sparkað í brotþola, en hann hafi enn verið að sparka þegar vitnið hafi yfirgefið vettvang.

Að beiðni lögreglu merkti E inn á uppdrátt mannlíkama hvar hann taldi ákærða hafa veitt brotþola áverka og eru þær teikningar á meðal gagna máls.

E gaf skýrslu fyrir dómi. Greindi hann frá því að hafa tekið ákærða og brotþola upp í bifreið sína við skemmtistaðinn Rána við Hafnargötu í Keflavík. Sagði hann þau hafa beðið sig um að aka að Ásbrú. Kvaðst hann hafa ekið með þau eftir Aðalgötu þegar þau hafi byrjað að rífast og hafi brotþoli öskrað og beðið sig um að stöðva bifreiðina, sem hann hafi gert. Brotþoli hafi þá reynt að komast út, en ákærði hafi haldið um háls hennar og þrengt að. Hafi brotþoli barist um og reynt að komast út úr bílnum. Sagðist E þá sjálfur hafa farið út úr bifreiðinni þar sem honum hafi ekki litist á aðstæður. Brotþoli hafi loks komist út úr bílnum og hafi ákærði komið á eftir henni og byrjað að berja hana. Brotþoli hafi þá fallið í jörðina en ákærði hafi haldið áfram að veitast að henni og hafi slegið og sparkað í hana „út um allt“. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa tölu á spörkum ákærða, en þetta hafi verið „viðstöðulaust“. Þá sagði hann ákærða jafnframt hafa beygt sig niður og kýlt brotþola „nokkrum sinnum“. Sagði hann brotþola hafa reynt að verja sig með því að bera fyrir sig hendur.

Kvaðst E þá hafa tekið upp síma sinn, en ákærði hafi hlaupið að honum og þrifið af honum símann. Þá hafi ákærði varað vitnið við að hringja í lögreglu. Slíkt myndi hafa „sínar afleiðingar“, en ákærði væri nýsloppinn úr fangelsi. Ákærði hafi þá beðið E um að aka sér aftur í miðbæinn. Sagðist vitnið hafa reynt að sannfæra ákærða um að afhenda sér síma sinn, þ.e. vitnisins. Kvaðst hann hafa snúið aftur á vettvang og séð að þar hafi verið búið að leggja hvítri Dacia Duster bifreið. Ákærði hafi þá afhent vitninu símann, farið út úr leigubifreiðinni og skipað aðkomufólkinu að hypja sig. Ákærði hafi þá haldið áfram að berja brotþola, sem hafi ekki hreyft sig, og taldi vitnið víst að hún væri alvarlega slösuð eða jafnvel dáin. Sagðist hann þá hafa ekið á brott og hringt á lögreglu. Aðspurður sagði hann atvik hafa tekið í heild um nokkrar mínútur, á að giska 4–5

mínútur. E kvaðst hafa verið mjög óttasleginn og hafi óttast afdrif brotaþola.

Lögreglumaður nr. 2320 greindi frá því að hafa sinnt útkalli vegna málsins. Lögregla hafi handtekið ákærða á vettvangi en brotaþoli var færð til aðhlyningar og skoðunar á HSS. Kvaðst lögreglumaðurinn hafa rætt við vitnið E á vettvangi. Hafi lögreglu þá borist beiðni um aðstoð vegna handtöku ákærða.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta frumskýrslu sína í málinu.

F sálfræðingur sagði brotaþola hafa mætt í tvö sálfræðiviðtöl vegna andlegrar vanlíðunar. Sagði hún brotaþola hafa „í stórum dráttum“ greint frá líðan sinni. Hafi hún greint sálfræðingnum frá miklu ofbeldi sem byrjað hafi mjög snemma í sambandi brotaþola og ákærða. Greindi vitnið frá því að lagður hafi verið fyrir brotaþola svokallaður matslisti, einkum til að meta áfallastreitu. Hafi það mat leitt til þess að brotaþoli reyndist vera með áfallastreituröskun, auk þess sem vísbendingar væru um alvarlegan kvíða og miðlungþunglyndi „samkvæmt listum“. Aðspurð taldi hún allt eins líklegt að ofneysla áfengis gæti haft „einhver“ áhrif á framangreinda matskvarða. Taldi hún hins vegar líklegt að framangreint ofbeldi hefði aukið á þunglyndi brotaþola og kvíða. Það sama ætti við um veikindi hennar. Sálfræðingurinn staðfesti vottorð sitt frá 19. mars 2026 vegna brotaþola.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð G, sérfræðings í heilsugæslulækningum við HSS, dagsett 21. janúar 2026. Segir í vottorðinu að brotaþoli hafi leitað á bráðamóttöku í fylgd lögreglu 4. janúar 2026 eftir að hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka síns. Hafi hún greint lækni frá því að hafa verið með ákærða í leigubíl að lokinni skemmtun fyrir um kvöldið. Brotaþoli hafi greint frá því að þau hafi bæði drukkið áfengi. Sagði hún maka sinn hafa gengið í skrokk á sér þar sem þau hafi setið saman í leigubílnum. Hafi leigubílstjórinn þá stöðvað bifreiðina og brotaþoli komist út, þar sem atлага ákærða hafi haldið áfram. Greinir í vottorðinu að atvikið hafi átt sér stað um einni klukkustund fyrir komu á bráðadeild.

Í læknisvottorði segir að brotaþoli hafi greint frá því að hafa verið með höfuðverk og lýst miklum verkjum vinstra megin í andliti, verulegum verkjum og stífleika í hálsi, verkjum í vinstri síðu og eymslum í vinstri hendi, þar sem hún segir að gripið hafi verið

fast í hana. Greindi hún frá verkjum í vinstra eyra, en sagði heyrn sína þó óskerta.

Í vottorði segir varðandi skoðun brotaþola við komu:

„- Áfengislykt. Meðtekin af verkjum en áttuð, svarar eðlilega. Er hrædd og grætur þegar hún segir frá.

Höfuð / andlit:

- Dreifðar rispur og húðrof á skalla, einkum á vinstri hlið. Hefur rekist í gróft yfirborð.
- Roði og mar og strax mikil bólga á vinstri kinn og gagnauga.
- verulega aum við snertingu á vinstri andlitshlið.
- Sár á efri vör.

Eyru:

- Veruleg bólga og þrútið, roði og mar á vinstra eyrnablaði. Mjög mikil eymsli, varla hægt að koma við vegna verkja.
- Blóð við og aftan við eyrnagöt, samrýmanlegt því að eyrnalokkar hafi verið rifnir út. Segir að [hún] hafi verið með lokka um kvöldið.
- Útlit eyrans vekur grun um áverka á mjúkvæf og mögulega hematoma á auriculæ.

Háls:

- Nokkur sár og mar sýnileg fyrir aftan háls, veruleg eymsli og stífleiki við allar hreyfingar. Takmörkuð hreyfigeta vegna verkja.

Útlimir:

- Mar og roði á vinstri hendi, gripáverkar.

Kviður:

- Mjúkur og óþaninn. Þreifiaum í LUQ, epigastríalt og RUQ, segist þekkja þessi eymsli í tengslum við krabbamein. Engin bankeymsli eða sleppieymsli. Garnahljóð í öllum fjórðungum.

Taugaskoðun: GCS 15. Engin augljós fokal taugaeinkenni. Hreyfir alla útlimi jafnt.“

Þá segir í vottorðinu að „grunur sé á um mjúkvæfjaáverka vinstra eyrnablaðs, mögulegt hematoma á auriculæ“.

Voru ljósmyndir teknar af áverkum brotaþola við læknisskoðun, og eru þær meðal gagna málsins.

G læknir gaf símaskýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Staðfesti hann þar framangreint læknisvottorð sitt. Sagði hann rétt skilið að brotaþoli hefði tvívegis komið til skoðunar á heilsugæslu þann 4. janúar 2026, en ártalið sé ranglega tilgreint í

læknisvottorði. Staðfesti hann einnig að teknar hefðu verið ljósmyndir af áverkum brotaþola, sem væru meðfylgjandi vottorðinu, allt í samræmi við verklagsreglur. Sagði hann vottorðið unnið upp úr sjúkraskrá, en sjálfur hefði hann ekki skoðað brotaþola. Sagði hann áverka vel geta samræmst lýsingu brotaþola. Aðspurður sagði hann „huglægt“ hvort áverkarnir teldust alvarlegir.

Læknirinn kvaðst jafnframt staðfesta komu brotaþola á heilsugæslu þann 3. janúar 2026, en þá hafi hún leitað þangað vegna brisartilbólgu í tengslum við krabba-mein hennar, sbr. læknisvottorð frá 29. janúar 2026, en ekki greinst með áverka.

2.3.3 *Ákæruliður A.VI*

- Málavextir, framburðir ákærða og vitna

Í skýrslu lögreglu greinir að við komu ákærða á lögreglustöð í kjölfar handtöku, sbr. tölulið 2.3.2 framar í dóminum, hafi hann verið færður í fangaklefa. Hafi ákærði bæði neitað að blása í áfengismæli og heimila lögreglu að taka ljósmynd af handarbaki sínu. Þá segir að ákærði hafi brugðist illa við þegar lögregla hugðist framkvæma svokallaða öryggisleit á honum. Ákærði hafi barist um á hæl og hnakka og verið illviðráðanlegur, þannig að beita þurfti varnarúða, auk þess sem kallaður var til liðsauki. Að lokum hafi lögregla náð að koma ákærða aftur í fangaklefa þar sem hann heyrðist öskra: „I will kill this wife. I will fire this whore“. Kemur fram í skýrslunni að lögreglumenn hafi verið með kveikt á búkmyndavélum sínum og hafi framangreind ummæli ákærða meðal annars náðst á upptöku þeirra.

2.4 *Ákæruliður A.VII (mál lögreglu nr. 008-2026-739)*

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákæruliðnum.

2.5 *Niðurstaða varðandi ákæru, útgefna 17. febrúar 2026*

Ákærða er í A-kafla ákæru gefið að sök stórfellt brot í nánu sambandi á tímabilinu 11. desember 2025 til 13. janúar 2026, með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð eiginkonu sinna, brotaþola, með líkamlegu og andlegu ofbeldi, sem og hótunum, frelsissviptingu og nauðung, meðal annars með þeim hætti sem nánar er lýst í sjö undirköflum ákærunnar.

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákærulið A.VII, en að öðru leyti hefur hann

neitað sök.

Í kafla *A.I* er ákærða gefið að sök að hafa, fimmtudaginn 11. desember 2025, í símtali ákærða og brotþola, talað illa um móður og systur brotþola, sagt henni að hann væri reiður, á leiðinni heim og hótað henni barsmíðum. Þá er ákærða gefið að sök í ákærulið *A.II* að hafa, að kvöldi sama dags, á sameiginlegu heimili þeirra að [...] í Reykjanesbæ, sparkað einu sinni í bak brotþola.

Ákærði kvaðst fyrir dómi kannast við að hafa verið í símasambandi við brotþola fimmtudaginn 11. desember 2025, og jafnframt gengist við því að hafa verið reiður. Hann hefur hins vegar neitað því að hafa hótað brotþola líkamlegu ofbeldi. Þá hefur ákærði neitað að hafa sparkað í bak brotþola síðar sama kvöld, líkt og honum er gefið að sök í ákæruliðum *A.I* og *A.II*. Fyrir liggur að brotþoli óskaði eftir aðstoð lögreglu þennan dag vegna hótana í hennar garð af hálfu ákærða. Hefur frásögn brotþola allt frá upphafi verið í öllum grunnatriðum stöðug um háttsemi ákærða, bæði í hennar garð sem og í garð móður brotþola og systur. Fær frásögn hennar stoð í vætti B, sem kvaðst hafa orðið vitni að myndsam tali á milli brotþola og ákærða þar sem ákærði hafi „talað illa við hana“ og hótað henni „öllu illu“, þar á meðal hafi ákærði hótað því að beita brotþola líkamlegu ofbeldi. Þá greindi hún frá því að brotþoli óttist ákærða. Í svipaðan streng tók C, hálf systir brotþola, en framburður hennar var einkum reistur á frásögn brotþola af atburðum. Þykir því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruliðum *A.I* og *A.II*.

Í ákærukafla *A.III* er ákærða gefið að sök að hafa, laugardaginn 13. desember sama ár, meinað brotþola og hindrað tilraunir hennar til að opna fyrir og ræða við lögreglu sem komin var að heimili ákærða og brotþola, í kjölfar tilkynningar um heimilisofbeldi, en að endingu þurfti lögregla að sparka upp hurð íbúðarinnar og fann þar ákærða og brotþola inni á baðherbergi þar sem ákærði hafði kveikt í vegabréfi sínu og reynt að sturta því niður í klósettið.

Fyrir liggur að lögregla kom á heimili brotþola og ákærða í kjölfar tilkynningar um heimilisofbeldi laugardaginn 13. desember 2025 en þau urðu ekki við ítrekuðum boðum lögreglu um að opna dyrnar að íbúðinni. Liggja fyrir í málinu upptökur úr búkmyndavélum lögreglu þar sem meðal annars má heyra lögreglu ítrekað reyna að ná sambandi við ákærða og brotþola. Má af upptökum greina að ákærði hafi haft sig þar

mest í frammi og hafi ekki orðið við ákalli lögreglu. Þá hefur einn lögreglumanna á vettvangi lýst því að hafa reynt að ná augnsambandi við brotþola í gegnum glugga íbúðarinnar, en að ákærði hafi í tvígang gengið í milli, að því er virðist í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að brotþoli næði sambandi við lögregluþjóninn. Brotþoli hefur lýst því hvernig ákærði hafi meinað henni, bæði í orðum og í verki, að opna fyrir lögreglu. Fær sá framburður hennar beina stoð í fyrrgreindum myndbandsupptökum og vætti lögreglumanna. Er framburður brotþola trúverðugur hvað þetta varðar en að sama skapi telst framburður ákærða í þá veru að það hafi verið brotþoli sjálf sem hafi ekki viljað opna fyrir lögreglu ótrúverðugur og í raun fjarstæðukenndur. Þykir því komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið A.III.

Í ákærukafla *A.IV* er ákærða gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 22. desember 2025 til 4. janúar 2026 brotið gegn nálgunarbanni og brottvísun af heimili, með því að hafa allt þetta tímabil dvalið nær daglega á [...], ásamt brotþola, þrátt fyrir að ákærða hafi með ákvörðun lögreglustjórans á Suðurnesjum frá 16. desember 2025 verið bannað að koma á þar tilgreint svæði í námunda við heimili brotþola, veita brotþola eftirför, nálgast hana á almannafæri, hringja í hana, senda henni tölvupóst eða setja sig á annan hátt í beint samband við hana. Fyrir liggur ákvörðun lögreglustjórans á Suðurnesjum um nálgunarbann og brottvísun af heimili frá 16. desember 2025, sem kynnt var fyrir verjanda ákærða degi síðar. Var sú ákvörðun staðfest með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 19. sama mánaðar og er í þingbók bókað um viðveru ákærða og túlks. Ákærði hefur sjálfur greint frá því fyrir dómi að hafa, þrátt fyrir framangreint nálgunarbann, sett sig í samband við brotþola, hitt hana og farið inn á heimili hennar á því tímabili sem greinir í ákæruliðnum. Er það í samræmi við framburð brotþola, sem greindi frá því að hafa sjálf haft að nokkru frumkvæði að mótum þeirra. Er samkvæmt þessu því fullsannað að ákærði hafi gerst brotlegur við þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruliðnum.

Í ákærukafla *A.V* er ákærða gefið að sök að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 4. janúar 2026, í aftursæti leigubifreiðar, í nágrenni Aðalgötu og Þjóðbrautar í Reykjanesbæ, ráðist á brotþola og slegið hana í andlitið, en þegar hún hafi beðið leigubílstjóran um að stöðva bifreiðina svo hún gæti komist út hafi ákærði gripið um háls hennar með annarri hendi

og reynt að meina henni að komast út úr bifreiðinni. Þegar brotaþoli hafi komist út úr bifreiðinni hafi ákærði farið á eftir henni, ýtt henni niður í jörðina í vegkanti við hringtorg Þjóðbrautar og Reykjanesbrautar og sparkað margítrekað í höfuð, bók, hendur og fætur brotaþola, auk þess sem hann hafi slegið hana í andlitið og rifið eyrnalokk úr eyra hennar, með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir.

Ákærði neitar sök. Að mati dómsins fær frásögn ákærða af atvikum enga stoð í framburði brotaþola eða vitnisins E, ökumanns leigubifreiðarinnar, en framburður þeirra beggja hefur verið afdráttarlaus í þá veru að ákærði hafi veist að brotaþola og bæði slegið og sparkað í hana víðs vegar um líkama hennar, þar á meðal í höfuð og bók, með framangreindum afleiðingum og staðfestar hafa verið með læknisvottorði G læknis og þeim ljósmyndum sem teknar voru af áverkum brotaþola síðar sömu nótt og eru meðal sakargagna málsins. Ekkert er fram komið um það að brotaþoli hafi verið með umrædda áverka fyrir þetta atvik, líkt og ákærði hefur byggt á. Í málinu liggja þannig fyrir tvö vottorð læknisins, annars vegar vottorð vegna komu brotaþola á HSS 4. janúar 2026 og hins vegar vegna komu hennar þangað daginn áður, en þá leitaði hún á heilsugæsluna vegna brisartilbólgu. Ekkert kemur fram í því vottorði að brotaþoli hafi verið með líkamlega áverka. Þykir því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærukafla A.V og í ljósi atlögunnar og afleiðinga hennar hefur hann gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákærulið A.VI er ákærða gefið að sök að hafa á sama tíma, í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hringbraut í Reykjanesbæ, í kjölfar handtöku ákærða eftir árásina í lið A.V, sagt: „... I will kill this wife. I will fire this whore“.

Í málinu liggur fyrir upptaka úr bókmyndavél lögreglumanns sem kom að handtöku ákærða umrætt sinn og var sú upptaka leikin við upphaf aðalmeðferðar máls þessa. Má þar heyra ákærða hafa framangreind ummæli uppi.

Ákærði hefur neitað sök. Hann kvaðst þó ekki muna nákvæmlega hvaða orð hann hafi haft uppi við handtöku, enda hafi hann verið ölvaður, en neiti þó fyrir að hafa sagt: „ég ætla að brenna *hana*“, heldur hafi hann einungis sagt: „ég ætla að brenna“. Að mati dómsins verður af fyrirliggjandi upptökum ekki skýrlega ráðið annars vegar hver ummæli ákærða voru nákvæmlega eða merking þeirra og hins vegar að hverjum þeim

var ætlað að vera beint. Af þeim sökum verður ákærði sýknaður af þessum ákærulið.

Í ákærulið *A.VII* er ákærða gefið að sök, á tímabilinu frá 12.–13. janúar 2026, brot gegn nálgunarbanni, með því að hafa samtals 12 sinnum hringt í farsíma brotaþola úr fanga-síma í fangelsinu á Hólmsheiði, þar sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi, allt þrátt fyrir fyrrgreint nálgunarbann, dagsett 16. desember 2025.

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákæruliðnum. Sannað er með játningu ákærða, sem samræmist gögnum máls, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök.

Dómurinn hefur að framan komist að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í einstökum ákæruliðum ákærunnar, utan ákæruliðar *A.VI*.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með þeirri breytingu sem gerð var á ákvæðinu með 4. gr. laga nr. 23/2016, skal hver sá sem endur-tekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að sex árum. Í 2. mgr. 218. gr. b segir að sé brot stórfellt geti það varðað allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Af athugasemdum með ákvæðinu og dómaframkvæmd verður ráðið að við mat á því hvort brotið hafi verið gegn ákvæði 218. gr. b í almennum hegningarlögum beri að líta á háttsemi þá sem um ræðir sem eina heild en ekki samansafn einstakra tilvika. Þá er refsinaemi háttsemi ekki bundið við verknaði sem nú þegar geta falið í sér refsiverða háttsemi, heldur nær það jafnframt til þess er lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi. Með öðrum orðum er við mat á heimfærslu á háttsemi sem getur falið í sér brot í nánu sambandi lögð áhersla á háttsemina í heild sinni, en ekki einstök tilvik. Vísast um það meðal annars til dóma

Hæstaréttar 9. mars 2022 í máli nr. 42/2021 og 30. mars 2022 í máli nr. 47/2021, sbr. og dóm Landsréttar 17. mars 2023 í máli nr. 130/2022.

Samkvæmt framangreindu nær ákærutímabilið frá 11. desember 2025 fram til 13. janúar 2026 og varðar alls sex aðskilin tilvik sem tilgreind eru í ákæruliðum *A.I–A.V* og *A.VIII*. Lýtur háttsemi ákærða í grunninn að tveimur líkamsárásásum, 11. desember 2025 og 4. janúar 2026, hótunum í garð brotaþola og ítrekuðum brotum ákærða á nálgunar-banni. Þykir sú háttsemi ákærða, þegar á allt er horft, varða við 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hefur þá bæði verið horft til grófleika háttsemi ákærða, einkum þeirrar fólkskulegu háttsemi sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir samkvæmt lið A.V í ákærunni, sem jafnframt er talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga líkt og áður greinir, sem og ítrekaðra brota hans gagnvart eiginkonu sinni, brotaþola máls þessa, og verður til þess horft við ákvörðun refsingar.

3 *Ákæra dagsett 10. mars 2026*

3.1 *Ákæruliður I (mál lögreglu nr. 008-2025-022413)*

- Málavextir, framburðir ákærða og vitna

Í skýrslum lögreglu greinir að lögreglumenn nr. N2476, 2510, 2533, N2486, 1902 og H1967 hafi verið staddir fyrir utan fangaklefa á lögreglustöðinni við Hringbraut þar sem ákærði var vistaður vegna ætlaðs heimilisofbeldis, sbr. kafla 2.1 að framan. Segir að ákærði hafi verið mjög æstur í klefanum og hafi verið búinn að taka upp húslykil sem hann hafi haft í vasa sínum og haldið honum upp að hálsi sínum. Segir að þegar lögreglu- maður nr. 1902 hafi gert sig líklegan til að taka lykilinn af ákærða hafi hann haft uppi hótanir í garð lögreglumannsins. Segir í skýrslunni að ákærði hafi sagt við lögreglumann- inn á ensku: „If you tomorrow keep me, I’m coming for you in home, I promise“ og síðan: „I send you mafia for you“ og „I’ll kill you“. Þá hafi hann sagt: „You like children? You have daughter and son, okay no problem“. Segir að ákærði hafi í kjölfar þessa hlegið.

Fyrir liggur að framangreind samskipti náðust á upptökur búkmyndavéla tveggja lögreglumanna sem þar voru staddir.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu vegna málsins 4. mars 2026. Kvaðst ákærði ekki muna eftir atvikum enda hafi hann verið mjög ölvaður umrætt sinn.

Lögreglumaður nr. 1902 greindi svo frá fyrir dómi að ákærði hefði verið handtekinn vegna ætlaðra hótana og heimilisofbeldis og hann færður á lögreglustöð. Þar hafi ákærði

verið „rólegur“, hann færður í fangaklefa og framkvæmd á honum öryggisleit. Stuttu síðar hafi lögregla orðið þess áskynja að ákærði hafi enn verið með lykil í fórum sínum sem hann hélt upp að hálsi sínum. Sagði lögreglumaðurinn að ákærði hafi verið orðinn mjög æstur og hafi ekki orðið við beiðni lögreglumannsins um að afhenda lykilinn. Þess í stað hafi ákærði haft uppi hótanir í garð lögreglumannsins, meðal annars hafi hann hótað lögreglumanninum líkamsmeiðingum og lífláti. Þá hafi hann spurt lögreglumanninn hvort hann ætti konu og barn. Þar sem ákærði hafi neitað að láta lykilinn af hendi hafi lögregla afráðið að taka ákærða í lögreglutök og fjarlægja lykilinn úr hendi hans.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta skýrslu sína.

Lögreglumaður nr. N2476 kvaðst fyrir dómi hafa verið á fangavakt umrætt sinn þar sem ákærði var vistaður. Sagði lögreglumaðurinn ákærða hafa verið mjög æstan og hafi hann jafnframt ekki viljað afhenda lögreglu lykil sem hann hafði á sér inni í fangaklefanum. Þá hafi ákærði haft uppi hótanir í garð lögreglumanns nr. 1902. Hafi hann meðal annars hótað að siga á lögregluþjóninn mafunni og jafnframt hótað honum lífláti. Aðspurt kvað vitnið telja hótanirnar hafa verið alvarlegar og að hún telji lögreglumann nr. 1902 hafa tekið þeim þannig.

Lögregluþjónninn kvaðst staðfesta aðkomuskýrslu sína.

Lögreglumaður nr. N2486 greindi með sama hætti frá atvikum. Sagði hann ákærða hafa hótað lögreglumanni nr. 1902. Hafi hann meðal annars hótað því að koma á heimili lögreglumannsins, senda á hann mafíu og hótada honum lífláti. Þá hafi ákærði spurt lögreglumanninn hvort hann ætti börn og að það „væri ekkert vandamál“ og hafi ákærði hlegið við.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta skýrslu sína.

Meðal gagna málsins eru þrjár myndbandsupptökur lögreglu, annars vegar úr búkmyndavélum fyrrgreindra tveggja lögreglumanna og hins vegar úr fangageymslu. Á upptöku búkmyndavélanna má heyra ákærða segja: „Tomorrow I'm coming for you. I promise. I send you mafia for you. I send mafia for you. I'll kill ...“ Þá heyrir hann segja: „Look in my eyes. You like children? You like my children. You have daughter and son, okay

no problem.“

Uptaka úr fangaklefa þar sem ákærði var vistaður er hljóðlaus.

3.2 *Ákæruliður II (mál lögreglu nr. 008-2026-000488)*

Málavextir, framburðir ákærða og vitna

Í lögregluskýrslu greinir að ákærði hafi verið handtekinn grunaður um heimilisofbeldi og brot á nálgunarbanni, sbr. kafla 2.3 að framan, og hann færður á lögreglustöðina við Hringbraut í Reykjanesbæ. Segir í skýrslunni að ákærði hafi brugðist ókvæða við þegar lögregla hafi ætlað að ljósmynda á honum hendurnar, auk þess sem hann hafi neitað að blása í áfengismæli. Þá greinir að þegar lögregla hafi ætlað að framkvæma öryggisleit á ákærða hafi hann skyndilega reiðst og streist á móti og losnað undan taki lögreglu. Hann hafi náð að komast út úr fangaklefanum og fram á fangagang. Þar hafi lögregla reynt að taka ákærða svokölluðum lögreglutökum, en ákærði veitt mikla mótspyrnu. Ákærði hafi því næst tekið lögreglumann nr. N2462 í „höfuðlás“, en lögreglumaðurinn hafi sjálfur náð að losa sig undan því taki. Segir í skýrslunni að það hafi verið mat lögreglumanns nr. 2515 að ákærði hafi haft „yfirhöndina á aðstæðum“ og því hafi lögreglumaðurinn gripið til þess ráðs að beita varnarúða á ákærða, sem lögreglu hafi virst hafa lítil áhrif á hann. Hafi lögreglumaður nr. N2462 því afráðið að ná taki á ákærða og við það féllu þeir saman niður þannig að lögreglumaðurinn lenti á baki sínu.

Segir í skýrslunni að ákærði hafi ekki sinnt ítrekuðum tilmælum lögreglu um að leggjast á magann, en ákærði hafi þess í stað náð aftur að taka lögreglumann nr. N2462 í svokallaðan höfuðlás. Hafi lögregla á ný beitt varnarúða gegn ákærða en við það hafi lögreglumenn nr. 2515 og N2462 sjálfir fengið varnarúða í augu sín og því hafi á endanum verið brugðið á það ráð að loka ákærða inni í fangaklefa, án þess að framkvæma fyrst öryggisleit á honum og bíða eftir frekari aðstoð.

Þá segir að lögreglumenn nr. 2515 og N2462 hafi í kjölfarið báðir leitað til heilsgæslu til skoðunar, en í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um þá skoðun.

Skýrsla var tekin af ákærða 19. febrúar 2026. Sagði hann lögreglu hafa verið upphafsmenn átakanna. Hann hafi einungis svarað í sömu mynt.

Lögreglumaður nr. 2515 greindi fyrir dómi frá því að lögregla hafi fengið tilkynningu um átök milli tveggja aðila við Reykjanesbraut, sbr. kafla 2.3.2. Þegar lögregla hafi

komið á vettvang hafi ákærði og brotþoli verið í vegkanti skammt frá Þjóðbraut í Reykjanesbæ, en brotþoli hafi legið í jörðinni. Hafi lögregla tekið ákvörðun um að handtaka ákærða og færa hann á lögreglustöð. Hafi ákærði verið rólegur allt þar til staðið hafi til að taka ljósmyndir af höndum ákærða, sem hafi verið með sjáanlegt sár á fingrum hægri handar, en ákærði hafi verið því algerlega mótfallinn. Þá hafi ákærði neitað að blása í áfengismæli og hlaupið út úr fangaklefanum. Lögregla hafi þó náð honum og freistað þess að færa hann í lögreglutök, sem hafi gengið illa. Hafi ákærði náð að taka annan lögreglumann í „höfuðlás“. Átök hafi orðið og hafi lögregla af þeim sökum meðal annars úðað varnarúða á ákærða og kallað eftir aðstoð annarra lögreglumanna. Lögregla hafi að lokum afráðið að færa ákærða aftur inn í fangaklefa og loka.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta skýrslur sínar.

Lögreglumaður nr. N2462 greindi frá því að í kjölfar handtöku ákærða, aðfaranótt sunnudagsins 4. janúar 2026, hafi hann verið færður á lögreglustöð. Þegar þangað hafi verið komið hafi lögreglumenn beðið ákærða um að setja hendur sínar að vegg til öryggisleitar. Ákærði hafi verið því mótfallinn, hafi orðið æstur og komist út úr fangaklefa. Þar hafi lögregla reynt að ná haldi á ákærða sem hafi tekið lögreglumanninn tvívegis í „höfuðlás“, sem lögreglumaðurinn hafi í bæði skiptin náð að losa sig úr. Sagði lögreglumaðurinn ákærða ekki hafa sinnt ítrekuðum fyrirmælum lögreglu sem hafi á endanum leitt til þess að beitt hafi verið varnarúða og ákærði færður í fangaklefa, án þess að fyrst yrði framkvæmd á honum öryggisleit, þar til liðsauki bærisk.

Lögreglumaðurinn staðfesti skýrslur sínar í málinu.

3.3 Niðurstaða varðandi ákæru 10. mars 2026

Ákærða eru hér gefin að sök tvö aðskilin brot gegn valdstjórninni. Annars vegar er honum í I. kafla ákærunnar gefið að sök að hafa, aðfaranótt föstudagsins 12. desember 2025, í kjölfar handtöku ákærða á heimili hans og A, sem lýst er í kafla 2.1 í dómi þessum, hótad lögreglumanni nr. 1902, sem var við skyldustörf, líkamsmeiðingum og lífláti. Svo sem að framan greinir eru meðal gagna málsins upptökur úr búkmyndavélum tveggja lögreglumanna sem spilaðar voru við upphaf aðalmeðferðar málsins 23. mars síðastliðinn. Má þar heyra ákærða láta ýmis orð falla sem dómurinn telur að hafi falið í sér hótanir um ofbeldi sem beint var að lögreglumanni við skyldustörf, í skilningi 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu þrjár

lögreglumenn sem staðfestu að hafa orðið vitni að hótunum ákærða. Þá verður framburður ákærða sjálfs fyrir dómi ekki skilinn á annan hátt en að hann gangist við því að hafa haft uppi fyrrgreind ummæli sem beint hafi verið að umræddum lögreglumanni, en hefur gefið þá skýringu að hann hafi talið sig vera beittan órétti við handtökuna auk þess sem hann hafi látið þessi orð falla í hálfkæringi.

Í II. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 4. janúar 2026, í kjölfar handtöku ákærða fyrr um nóttina, sbr. kafli 2.3 að framan, ráðist með ofbeldi gegn lögreglumönnum nr. 2515 og N2462, sem voru við skyldustörf og meðal annars tekið lögreglumann nr. N2462 hálstaki og einnig með þeim afleiðingum að lögreglumaður nr. 2515 féll á bakið á gólf fangaklefans.

Ákærði neitar sök samkvæmt báðum liðum ákæru.

Meðal málsgagna eru upptökur úr búkmyndavélum umræddra tveggja lögreglumanna auk upptöku úr fangageymslu lögreglu. Var upptaka leikin við upphaf aðalmeðferðar málsins 23. mars síðastliðinn. Sýna upptökur með ágætum hætti ákærða veita mikla mótspyrnu við framkvæmd hefðbundinnar öryggisleitar lögreglu. Sést á upptökum að til átaka kemur sem berast fram á fangagang og þaðan inn í fangaklefa. Sést þar hvar ákærði tekur um háls annars lögreglumannsins en hinn fellur á bakið á gólf fangaklefans, líkt og lýst er í ákæru.

Er samkvæmt framangreindu komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærinni og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

4 *Ákæra dagsett 20. mars 2026*

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákærinni og er játning hans í samræmi við sakargögn. Hefur ákærði því gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og er hún þar rétt heimfærð til 3. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14., reglugerðar nr. 233/2001 með síðari breytingum.

5 *Ákvörðun refsingar*

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu hér á landi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sakaferil ákærða í heimalandi hans, en ákærði hefur einungis dvalið hér á landi með hléum frá árinu 2023. Ákærði hefur í máli þessu verið fundinn sekur um brot gegn 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 2. mgr. 218.

gr. sömu laga. Brot ákærða, sem beindust að eiginkonu hans, voru, þegar á allt er litið, alvarleg og endurtekin. Að gættum 1., 2., 3., 6. og 7. tölulið 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi, með fullri dagatölu, gæsluvarðhaldsvist sem ákærði hefur sætt allt frá 4. janúar 2026. Að virtum atvikum og alvarleika sakarefnisins eru ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna að nokkru leyti.

6 Einkaréttarkrafa

Í málinu hefur verið höfð uppi einkaréttarkrafa af hálfu brotaþolans A vegna þeirrar háttsemi sem um getur í ákæru, dagsettri 17. febrúar 2026.

Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir alvarleg brot gegn brotaþola. Var háttsemi hans til þess fallin að valda brotaþola miska og hefur ákærði með henni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta verður horft til sakarefnis málsins, afleiðinga háttseminnar, náinna tengsla ákærða og brotaþola sem og viðkvæmrar stöðu hennar. Þykir fjárhæð miskabóta að því virtu hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum eins og í dómsorði greinir. Einkaréttarkrafan var birt ákærða með fyrirkalli 24. febrúar 2026 og miðast upphafstími dráttarvaxta við það, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

7 Upptökukrafa og sakarkostnaður

Að virtri niðurstöðu málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins, en þar er einungis um að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Snorra Sturlusonar lögmanns, og þóknun Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, skipaðs verjanda ákærða á rannsóknarstigi, sem og þóknun Elisabethar Matthíasdóttur lögmanns, skipaðs réttargæslumanns brotaþola, líkt og í dómsorði greinir.

Við ákvörðun málskostnaðar og þóknana hefur verið litið til umfangs málsins og tímaskýrslna lögmannanna, að hafðri hliðsjón af gildandi viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar. Þá hefur verið litið til aksturskostnaðar og útlagðs kostnaðar réttargæslumanns vegna öflunar sálfræðivottorðs til framlagningar í málinu. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknana hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Upptæk eru gerð 28 stykki af Sobril sem lögregla lagði hald á 13. apríl 2024, sbr. 6. mgr.

5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Merouane Benhammou, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gerð eru upptæk 28 stykki af Sobril.

Ákærði greiði brotþola, A, 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 11. desember 2025 til 24. mars 2026 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9., gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 2.579.820 krónur, og 44.000 króna aksturskostnað verjandans. Ákærði greiði einnig þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, 1.139.715 krónur, og 100.800 króna aksturskostnað verjandans.

Ákærði greiði þóknun Elisabethar Matthíasdóttur lögmanns, skipaðs réttargæslumanns brotþola, A, 1.652.145 krónur, 59.040 krónur vegna aksturskostnaðar réttargæslumanns og 125.000 krónur vegna annars útlagðs kostnaðar réttargæslumannsins.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson